

Dreymt fyrir daglátum

Í byrjun COVID-faraldursins dreymdi mig daum sem hefur verið mér mjög minnisstæður. Ég starfa nær eingöngu á hjúkrunarheimili og hafði talsverðar áhyggjur af mínum skjólstæðingum. Ég hafði lesið um atburðina á hjúkrunarheimili í Kirkland nálægt Seattle þar sem fyrstu smit á hjúkrunarheimili komu upp í Bandaríkjunum, sem leiddi til fjölda smita, ekki bara íbúa en líka meðal starfsmanna. Dánartíðni var há, og síðar hafa starfsmenn hjúkrunarheimila fallið í valinn eftir smit í starfi.

Mér fannst ég standa niður við Reykjavíkurtjörn, suðvestur endann. Yfir austurbænum var stórt óveðursský og úr því kom eldingaregn. Mér er litið yfir vesturbæinn og þar yfir gamla vesturbænum var annað eins ský með eldingum. Ég horfi svo yfir Esjuna en þar var heiður himinn og þar flugu þrjár flugvélar í átt að flugvælinum, tvær venjulegar flugvélar, en ein var lík leikfangavél og flaug létt og lipurt áfram.

Morguninn eftir túlkaði ég drauminn þannig að við myndum fá fjölda COVID-smita á Grund sem er í Vesturbænum og ganga í gegnum eld og brennistein þar. Það varð þó ekki raunin heldur urðu smitin á Landakoti. Þegar ég hugsa til baka var skýið í raun frekar yfir Landakoti en yfir Grund.

Flugvélar þrjár túlkaði ég sem þríeykið okkar. Tvær af flugvælinum voru hefðbundnar og flugu beint og túlka ég þær sem Ölmú og Þórólfr sem hafa sýnt framúrskarandi fagmennsku og þolgæði. Þriðja vélin sem flaug svo leikandi létt finnst mér vera Víðir.

Ég er sérlegur aðdáandi Víðis vegna þess hve mannlegur hann er. Hann talar þannig að allir geta skilið hvað hann meinar, til dæmis eins og að fólk þyrfti bara að hafa asnalegt hár þegar hárgreiðslustöðum var lokað. Hann gerði mistök og smitaðist af COVID, hann grét fyrir framan þjóðina, iðraðist, kom aftur til vinnu og hefur sýnt af sér fádæma mannúð, skilning og umburðarlyndi í öllu fasi.

Það er í þessum anda sem mig langar að tala um læknisfræði og umræðuna um vísindalega þekkingu. Ég ætlast ekki til þess af öllum kollegum mínum að kaupa söguna af draumnum og túlkun hans heldur vona ég að þeir lesi sögu af upplifun og hugsunum.

Sannreynd læknisfræði er gullstandard okkar vinnu, en í umræðunni finnst mér það stundum vera það eina sem ætti að leiðbeina okkur. Að mínu viti kemur fyrst mannúðarskylda okkar að sinna veiku fólki eftir bestu getu og þekkingu hvers tíma. Í mínu fagi, lyf- og öldrunarlækn-



Helga Hansdóttir
öldrunarlæknir

helga.hansdottir@morkin.is

ingum, er oft skortur á sannreyndum upplýsingum, en það þýðir ekki að við getum falið okkur bak við það og ekki tekið á þeim vandamálum sem blasa við. Mér eru efst í huga langvinnir verkir, svefnleysi og óróleiki tengd heilabilun sem valda hvað mestum þjáningum í mínu starfi. Þar skortir á rannsóknir til leiðbeiningar.

Oft eru niðurstöður rannsókna á miðaldra hraustu fólki notaðar til grundvallar klínískum leiðbeiningum. Ekki er tekið tillit til þess hve svörun fólks við lyfjum getur verið einstaklingsbundin, og oft þarf að reyna fleiri en eitt eða tvö lyf áður en árangur fæst. Gildismat einstaklingsins kemur ekki inn í myndina og óskir um meðferð né vilji til að taka áhættu á aukaverkunum. Rannsóknirnar eru gjarnan til skamms tíma en rannsóknir á langtímaáhrifum eru tengslarannsóknir þar sem erfitt er að henda reiður á orsök og afleiðingu.

Ég hef lært eins og flestir klíníkerar að mæta sjúklingum mínum þar sem þeir eru staddir og láta þeirra óskir og gildismat stýra rannsóknum og meðferð. Árangur af því verður sennilega seint metinn með standard mælitækjum og eftirliti. Því tel ég að við eigum að halda upp merkjum klínískrar læknisfræði og mannúðar ekki síður en þekkingu og vísindalegri nálgun.